

Viðauki við þjónustusamning um kennslu og rannsóknir fyrir árin 2012 – 2016 milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Háskólans í Reykjavík

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Háskólinn í Reykjavík kt. 510105-4190, í viðauka þessum nefndur háskóli, gera með sér eftirfarandi viðauka við þjónustusamning um kennslu og rannsóknir dags. 29.12.2011. Viðauki þessi fjallar um fjárframlag til verkefnisins „Sértækt sumarnám háskóla 2021“ sem er ætlað að koma til móts við aðstæður á vinnumarkaði í kjölfar COVID19.

1. gr.

Markmið, markhópur, forgangsröðun og framkvæmdatími.

Markmið stjórnvalda með sértækum námsúrræðum í háskólum sumarið 2021 er að sporna gegn atvinnuleysi og efla menntun meðal ungs fólks en fyrirséð er að hefðbundin sumarstörf nemenda í háskólum standa ekki til boða í því mæli sem verið hefur.

Markhópur átaksins eru nemendur sem ljúka námi úr framhaldsskóla á vorönn og vilja sækja undirbúningsnám fyrir háskólanám, aðrir framtíðar háskólanemar, núverandi háskólanemar, sem og einstaklingar sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, brúa færnibil eða skipta um starfsvettvang.

Ekki er gerð krafa um að sértæk námsúrræði á háskólastigi séu einingabær eða nýtist til styttingar náms viðkomandi. Gert er ráð fyrir að skólar nýti jöfnum höndum kennsluhúsnæði fyrir staðnám og rafræna kennsluhætti, þannig að námsframboð geti nýst nemendum á landinu öllu, óháð kyni, fötlun og sérþörfum.

Sértæk námsúrræði geta verið af margvíslegum toga t.a.m. kynning á háskólanámi fyrir framtíðarnemendur, undirbúningsnámskeið fyrir nemendur sem eru að hefja háskólanám haustið 2021, heildstæðir námsáfangar í tilteknum námsgreinum, stuttar hagnýtar námsleiðir á grunn- og meistarastigi, endurmenntun fyrir fagaðila eða þverfaglegt nám fyrir almenning.

Sumarnám skal fara fram á tímabilinu 25. maí til 15. ágúst og getur lengd einstakra námskeiða verið frá einni viku og upp í tíu vikur.

Almennt er gert ráð fyrir að einvörðungu verði innheimt skráningargjöld af nemendum að hámarki 3.000,- fyrir hvert námskeið. Nemendur sem eru þegar innritaðir í nám í háskólum á vorönn 2021 skulu ekki greiða skráningargjald vegna sumarnáms í sama skóla. Undantekningar geta verið ef efniskostnaður telst vera umtalsverður þ.e. kostnaður umfram kennslu og kennslubúnað.

Háskólum er ætlað að forgangsraða námsframboði sínu að teknu tilliti til framlagsins og eftirspurn. Hafa þarf í huga að einingabært nám þarf að falla undir viðurkennt fræðasvið háskóla og undirflokka þeirra. Horfa skal sérstaklega til menntastefnu stjórnvalda eins og hún birtist í fjármálaáætlun og tillögu til þingsályktunar um menntastefnu 2030, sbr. þingmál 278 á 151. löggjafarþingi.

2. gr.

Sértækt sumarnám 2021

Í erindi ráðuneytisins til háskólans dags. 19. mars s.l var óskað eftir þátttöku hans í áttakinu „Sókn fyrir stúdenta“ sem m.a. fól í sér sértækt sumarnám í háskólum 2021. Í umsókn háskólans um þátttöku í verkefninu barst ráðuneytinu 6. maí. Opnað var fyrir skráningar í sumarnám 2021 18. maí s.l.

Á grundvelli umsóknar háskólans um sértækt sumarnám 2021 hefur ráðuneytið ákveðið að hlutur Háskólans í Reykjavík í heildarfjármögnun verkefnisins verði að hámarki 75 m.kr.

Í fylgiskjali 1, *rekstraráætlun háskólans* sem fylgdi umsókn kemur fram að heildarkostnaður við kennslu á sumarönn sé áætlaður kr. 80.883.385 Sumarönn háskólans hefst 25. maí og stendur til 15. ágúst.

Í fylgiskjali 2, *upplýsingum um námsáfangna*, er yfirlit yfir þau námskeið sem auglýst hafa verið í verkefninu „Sértækt sumarnám háskóla 2021“.

Í fylgiskjali 3, er *skilatafla háskóla* vegna sumarnáms 2021.xlsx þar sem tilgreindar eru þær upplýsingar sem halda þarf um við framkvæmd verkefnisins (4 skjöl þ.e. námskeið, ríkisfang, menntunarstig og aldur nemenda, með felligluggum) sem skilað er samhliða greinargerð og fjárhagsuppgjöri samanber gr. 3. Valkostur er að skil þessara upplýsinga verði með öðru sniði telji háskólinn það heppilegra í framkvæmd.

Lágmarksfjöldi nemenda á hverju námskeiði skal ekki vera færri en 10.

Háskólinn hefur forgangsraðað námsframboði sínu svo það rúmist innan fjárveitinga til háskólans og horfði þá sérstaklega til menntastefnu stjórnvalda og þeirra markmiða sem tilgreind voru í kynningarbréfi aðgerðarinnar.

Framkvæmd sértækra námsúræða í háskólum 2021 tekur mið af fræðilegu sjálfstæði háskóla skv. 2. gr. laga um háskóla og 21. gr. sömu laga.

3. gr.

Framlag og ábyrgð

Heildarframlag ráðuneytisins til samnings þessa er að hámarki kr. 75.000.000,-. (sjötíu og fimm milljónir,-)

Ráðuneytið greiðir framlagið í tveimur hlutum, 50% hámarksframlags er greitt í framhaldi af undirritun viðaukasamnings þessa. Á grundvelli fullnægjandi uppgjörsskila á framkvæmd Háskólans á verkefninu „*Sumarnám háskóla 2021*“ í heild sinni, fer fram uppgjör verkefnisframlags að hámarki að 50% heildarframlags. Forsenda lokagreiðslu eru skil á rekstraryfirliti um kostnað við framkvæmd námskeiðanna, fullnægjandi útfyllingu uppgjörsskjals verkefnisins (*Skilatafla háskóla vegna sumarnáms 2021.xlsx*) auk greinargerðar um framkvæmd verkefnisins í heild sinni.

Háskólinn innheimtir námskeiðsgjöld að hámarki kr. 3.000,- fyrir hvert námskeið en ekkert sérstakt námskeiðagjald er rúkað fyrir nemendur sem þegar eru skráðir í háskólann.


Háskólinn ber ábyrgð á framkvæmd verkefnisins og fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna þess takmarkast við hámarksframlag að fjárhæð 75 m.kr.

Framlagið er greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Háskólans í Reykjavík.

4. gr.

Gildistími

Viðaukasamningur þessi gildir frá undirritun til 15. ágúst 2021.



f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis

Reykjavík, 25. maí 2021



Rektor Háskólans í Reykjavík